



Ársskýrsla skóla- og frístundasviðs
Reykjavíkurborgar 2013



Efnisyfirlit

Frá formanni skóla- og frístundaráðs	3
Frá sviðsstjóra	4
Skipurit og lykiltölur	5
Skóla- og frístundaráð	6
Stefnumótandi ákvarðanir og verkefni	7
Eftirlit	10
Samráð við stjórnendur	11
Dagforeldrar	12
Leikskólar	13
Grunnskólar	16
Skóli án aðgreiningar	19
Frístundamiðstöðvar	20
Skólahljómsveitir	23
Fullorðinsfræðsla	24
Starfsmenn og starfsþróun	25
Rannsóknir og kannanir	29
Ráðstefnur og málþing	30
Verðlaun og styrkir	31
Viðburðir	33
Fjármál	34
Útgáfur	34

Ársskýrsla skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2013

Gefin út 2014.

Ábyrgð: Ragnar Þorsteinsson sviðsstjóri.

Tölfræði: Hallgerður Inga Gestsdóttir.

Umsjón: Sigrún Björnsdóttir.

Hönnun og umbrot: Kristján Sigurðsson.

Ljósmyndir: Sigrún Björnsdóttir, Sigrún Eggertsdóttir, Helga Björnsdóttir og fleiri.

ISSN 1670-6951

Helstu heimildir:

Stefna og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

Fundargerðir skóla- og frístundasráðs.

Niðurstöður ýmissa kannanna

Fyrri ársskýrslur

Fréttatilkynningar

Heimasíða skóla- og frístundasviðs, www.skolaogfristundasvid.is

Frá formanni skóla- og frístundaráðs

Á árinu fagnaði skóla- og frístundasvið 2ja ára afmæli og á þeim stutta tíma hefur svo sannarlega margt áorkast. Gott er til þess að vita að starfsánægja jókst á sviðinu og mælist nú mest samanborið við önnur fagsvið borgarinnar. Skóla- og frístundasvið kemur best út þegar spurt er um tilgang starfs, hvort hæfni nýtist vel í starfi og hvort starfsfólk sé stolt af starfi sínu.



Leik- og grunnskólar skipuleggja nú starf sitt með hlíðsjón af innleiðingu aðalnámskráa og hafa þau verkefni verið þungamiðjan í starfi sviðsins, auk þeirrar ríku áherslu sem lögð er á samstarf fagfólks í lærdómsumhverfi barna.

Stefnumótandi verkefni skóla- og frístundaráðs voru líka mörg á árinu 2013. Ráðið samþykkti m.a. að stofna til þátttökubekkjara fyrir börn með þroskahömlun en þeir byggja á endurskoðaðri stefnu um stuðning við nemendur í grunnskólum. Þátttökubekkirnar eru samstarfsverkefni almennra grunnskóla og Klettaskóla annars vegar, og almennra grunnskóla og Brúarskóla hins vegar. Nýr frístundaklúbbur tók til starfa á árinu við Brúarskóla og fékk nafnið Hlíð.

Á árinu 2013 var lokið við þróun málkönnunarprófsins **Milli mála** sem er gríðarlega mikilvægt til þess að koma sem best til móts við nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku. Prófið styður vel við nýja stefnu ráðsins um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf.

Umhverfismál og lýðheilsa voru mjög í brennidepli í starfi ráðsins. Samþykkt var að móta stefnu um hjólréið barna og unglinga og skrifað var undir samstarfssamning við Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og ÍTR um samstarf á sviði náttúrufræðikennslu og frístundastarfs.

Náttúraskóli Reykjavíkur fluttist yfir á skóla- og frístundasvið sem styrkir alla vinnu við að innleiða sjálfbærni sem einn grunnþátt menntunar. Skólinn fékk styrk úr þróunarsjóði ráðsins til að þróa útikennsluapp sem gefið var út á degi íslenskrar náttúru, 16. september. Til að styrkja enn frekar útikennslu og náttúrufræðslu samþykkti ráðið að skoða hvernig nýta mætti betur aðstöðu í Nauthólsvík til skóla- og frístundastarfs í samstarfi við ÍTR.

Ráðið lagði ríka áherslu á upplýsingamiðlun til foreldra. Í því skyni var opnaður foreldravefur sem er upplýsingaveita um alla þjónustu borgarinnar fyrir börn til sextán ára aldurs. Þar má m.a. finna hagnýt ráð um hvernig styðja má við börn í námi. Einnig var á árinu gefið út rafrænt fréttabréf um þau margvíslegu verkefni sem unnið er að á sviðinu og var því afar vel tekið.

Ný læsisstefna fyrir leikskólana leit dagsins ljós á árinu og er nú í innleiðingarferli. Skóla- og frístundaráð lagði mikla áherslu á samstarf fagfólks og samfellu milli skólastiganna og því var efnt til sameiginlegra fræðslufunda í hverfunum um læsisstefna leikskóla og lestrarstefna grunnskóla og hvatt til samræðu milli fagstétta um mál og læsi barna.

Mikilvægt leiðarstef í starfi skóla- og frístundamiðstöðva er að vinna gegn hamlandi staðalmyndum í lífi barna og unglinga og styrkja sjálfsmynd þeirra. Þar gegnir jafnréttis- og kynjafræðsla lykilhlutverki. Því var sérstaklega ánægjulegt að borgarstjórn samþykkti á árinu að setja á laggirnar Jafnréttisskóla. Starf hans hefur þegar skilað sér í gefandi umræðu um hvernig sporna megi gegn staðalmyndum og nýverið skilaði starfshópur af sér skýrslu sem varðar veginn í þeim málum.

Eftirlitsskylda skóla- og frístundaráðs er rík og fer það eftirlit fram með ýmsu móti. Á árinu voru viðhorf foreldra til frístundastarfs og leikskólastarfs könnuð og enn og aftur fékk starfsfólk sviðsins rós í hnappagatið. Í ljós kom mikil ánægja foreldra með fagstarfið, hvort sem litid var til liðan barna eða til viðfangsefna.

Heildarmat á leikskólastarfi er nú hafið og byggir á góðri reynslu af heildarmati á grunnskólastarfi. Mótun gæðaviðmiða um frístundastarf er nýlokið og bindur ráðið miklar vonir við að það verði gagnlegt verkfæri til að meta og styðja við gott starf.

Árið 2013 var viðburðaríkt ár, starfssamt og lærdómsríkt. Ég þakka innilega fyrir samstarfið og þau góðu kynni sem ég hef átt við starfsfólk í leikskólum, grunnskólum, frístundamiðstöðvum, skólahljómsveitum og Námsflokkum Reykjavíkur. Reykjavíkurborg býr yfir miklum auði í sínu góða starfsfólki sem leggur metnað í að halda sem best utan um nám og velferð barna og ungmenna.

Ólafur Sturludóttir

Frá sviðsstjóra

Á árinu 2013 voru tekin mörg skref að því að samþætta betur skóla- og frístundastarfið í borginni með auknu flæði milli fyrstu skólastigana og skóla og frístundar. Í þeirri vinnu er leitast við að stefna og hugmyndafræði í skóla- og frístundastarfi falli vel saman og að saman fari menntun og skemmtun í öllu fagstarfinu. Þverfaglegt samstarf er lykill að framþróun og að starfsfólk, börn og ungmenni fái að þroskast í námi og starfi.

Rannsóknir fræðimanna, ytra og innra mat á gæðum fagstarfsins í skólum og frístundamiðstöðvum og kannanir meðal starfsfólks, foreldra og nemenda eru forsendur þess að við getum tekið réttar ákvarðanir og gert enn betur. Því var það mikið ánægjuefni þegar undirrituð var snemma árs viljayfirlýsing við Menntavísindasvið HÍ um rannsóknir og þróunarstarf. Það samstarf nær til ýmissa verkefna sem eiga að stuðla að faglegu, árangursríku og markvissu mennta- og frístundastarfi í borginni. Einnig á það að styrkja góð tengsl fræðasamfélagsins við það fagstarf sem unnið er á vettvangi. Slíkt samstarf er okkur öllum sem vinnum á sviðinu, svo og kjörnum fulltrúum, afar mikilvægt í allri stefnumótun um framtíðarmenntun barna og ungmenna.



Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri SFS, og Jón Torfi Jónasson, forseti Menntavísindasviðs HÍ undirrituðu viljayfirlýsingu um rannsóknir og þróunarstarf á árinu.


Það er margt sem við getum verið stolt af í fagstarfinu í leikskólum, grunnskólum, frístundamiðstöðvum og skólahljómsveitum. Mikil gróska er í þróunarstarfi eins og mörg verkefni bera vitni um og starfsfólk sviðsins er ötult við að sækja sér símenntun og taka þátt í umræðu um stefnur og strauma í uppeldis-, kennslu og frístundafræðum. Allt stuðlar það að því að efla sérhverja stofnun sviðsins sem lærdómssamfélag þar sem stöðugt er leitað nýrra leiða til að hvetja börn og ungmenni til skapandi starfs og frumkvæðis. Ánægjulegt var að geta á árinu miðað til alls starfsfólks á sviðinu efni sem tekið var upp í kennslustundum í Ardleigh Green skólanum í Bretlandi en markmiðið með því er að hvetja til umræðu um kennsluáðferðir og þróunarstarf í grunnskólunum.

Vissulega eru fræðin góðir bakhjarlar í skóla- og frístundastarfinu, en áhugasamir foreldrar og farsælt samstarf við þá ræður þó mestu um velferð barna og ungmenna. Á árinu opnuðum við efnismikinn vef, foreldravefinn, til að efla enn frekar þetta samstarf. Þar eru upplýsingar um flest sem snýr að þjónustu við fjölskyldur í borginni og margvísleg ráð um hvernig styðja má sem best við börn og ungmenni í námi og starfi. Foreldrar sem eiga virka hlutdeild í skóla- og frístundastarfinu eru mesta auðlindin í okkar starfi.

Á árinu var unnið að innleiðingu nýrra aðalnámskráa og þá sex grunnþætti menntunar sem þær kveða á um; læsi í viðum skilningi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Við úthlutun þróunar- og starfsstyrkja var lögð áhersla á lýðræði og mannréttindi svo og gildi upplýsinga- og tækni menntunar í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfinu.

Ég vil þakka starfsfólki sviðsins, fulltrúum í skóla- og frístundaráði, foreldrum og börnum og ungmennum í borginni gefandi samstarf og margar ánægjustundir á árinu 2013.

Skipurit og lykiltölur



Undir skóla- og frístundasvið heyrar:

- 62 leikskólar með um 6.000 börn. Auk þess eru um 1.000 börn í 17 sjálfstætt starfandi leikskólum. Um 800 börn dvelja að jafnaði hjá rösklega 200 dagforeldrum.
- 36 grunnskóli með um 13.600 nemendur, auk 6 sjálfstætt starfandi grunnskóla með 660 nemendur.
- 32 frístundaheimili og 5 frístundaklúbbar fyrir um 3.800 börn.
- 21 félagsmiðstöð með um 175.000 heimsóknir á ári.
- 4 skólahljómsveitir þar sem um 440 nemendur læra á hljóðfæri.
- Námsflokkar Reykjavíkur þar sem um 250 manns stunda nám á ári hverju og um 1.500 manns fá náms- og starfsráðgjöf.
- Skóla- og frístundasvið greiðir með um 2.500 nemendum í 18 tónlistarskólum í borginni.
- Hjá sviðinu starfa um 4.300 starfsmenn í rúmlega 3.770 stöðugildum. Þar af eru 1.745 stöðugildi leik- og grunnskólakennara. 83% starfsmanna eru konur.

Skóla- og frístundaráð

Skóla- og frístundaráð mótar stefnu í menntamálum barna í leik- og grunnskólum og frístundastarfi barna og ungmenna. Einnig mótar það stefnu um tónlistarfræðslu barna og ungmenna og félagslega menntastefnu. Ráðið tekur ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs á verkswiði sínu. Jafnframt hefur það eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun borgarinnar í mennta- og frístundamálum sé fylgt og fylgist með gæðum skólastarfs og annars starfs á verkswiði þess. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður. Skrifstofa sviðsins annast stjórnsýslu fyrir ráðið og heldur utan um starfsemi þess. Ráðið starfaði á árinu undir forystu Oddnýjar Sturludóttur en í því sátu 7 kjörnir fulltrúar.

Fulltrúar í skóla- og frístundaráði 2013

Oddný Sturludóttir formaður (Samfylkingu)

Hilmar Sigurðsson (Samfylkingu)

Óttarr Proppé/Ragnar Hansson frá og með 18. júní (Besta flokki)

Eva Einarsdóttir (Besta flokki)

Kjartan Magnússon (Sjálfstæðisflokki)

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir (Sjálfstæðisflokki)

Sóley Tómasdóttir/Líf Magneudóttir frá og með 19. mars. (Vinstrihreyfingunni grænu framboði).

Foreldrasamtök leikskólabarna og SAMFOK eiga áheyrnarfulltrúa í ráðinu, svo og fulltrúar skólastjórnenda og starfsfólks í leikskólum og grunnskólum og forstöðumanna frístundamiðstöðva. Sviðsstjóri, fjármálastjóri, mannauðsstjóri og fagstýrur sviðsins sátu fundi ráðsins, auk ritara.

Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra var gestur skóla- og frístundaráðs í desember. Á fundinum voru mörg brýn mál á dagskrá svo sem niðurstöður nýrrar PISA-könnunar, læsi barna og ungmenna og innleiðing nýrra aðalnámskráa. Frjóar umræður urðu á fundinum og lýsti ráðherra yfir ánægju með að fá tækifæri til að hitta kjörna fulltrúa og aðra sem mótuðu stefnuna í höfuðborginni í skóla- og frístundamálum. Samstaða myndaðist um að ráðið myndi bjóða ráðherra á hverju ári til slíks samtals.



Kjörnir fulltrúar í skóla- og frístundaráði ásamt Illuga Gunnarssyni ráðherra mennta- og menningarmála; Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, Kjartan Magnússon, Illugi Gunnarsson, Oddný Sturludóttir formaður ráðsins, Ragnar Hansson, Líf Magneudóttir og Eva Einarsdóttir, varaformaður.

Stefnumótandi ákvarðanir og verkefni

Hjólreiðastefna

Í janúar samþykkti skóla- og frístundaráð að vinna að stefnu um hjólreiðar barna og ungmenna í borginni og var skipaður starfshópur til að móta hana.



Nauthólsvík í skóla- og frístundastarfi

Ráðið samþykkti í ársbyrjun að skoða hvernig nýta mætti betur aðstöðu í Nauthólsvík til skóla- og frístundastarfs í samstarfi við ÍTR.

Náttúruskóli Reykjavíkur til SFS

Í byrjun árs flutti Náttúruskóli Reykjavíkur og Helena Óladóttir sem stýrir honum aðsetur sitt á skóla- og frístundasvið. Sem fyrr er meginmarkmið Náttúruskólans að styðja við innleiðingu menntunar til sjálfbærni, efla útinám og umhverfismennt í leik- og grunnskólum, en einnig nú í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum.

Útikennsluapp

Náttúruskólinn gaf á degi íslenskrar náttúru þann 16. september út nýtt forrit til útikennslu og vettvangsnáms. Það birtir í spjaldtölvum og snjallsímum námsefni fyrir leik- og grunnskólabörn á tilgreindum stöðum á gönguleiðum í öllum hverfum borgarinnar. Verkefnið var styrkt af þróunarsjóði sviðsins.

Foreldravefur

Viðamikill vefur fyrir foreldra barna í skóla- og frístundastarfi var opnaður í febrúar. Hann er hagnýtt verkfæri fyrir foreldra barna á fyrstu tveimur skólastigunum og nær yfir helstu þjónustu borgarinnar við börn á aldrinum 0-16 ára. Á vefnum má m.a. finna hagnýtt ráð fyrir foreldra um hvernig best megi stuðla að velferð barnsins í leikskóla, grunnskóla og frístundastarfi, ráð um hvernig fylgjast megi með skólasterfinu, styðja barnið í námi og undirbúa sig fyrir foreldraviðtöl. www.reykjavik.is/foreldrar



Samstarfsvettvangur um skóla- og frístund í Fossvogi

Ráðið fól í febrúar sviðsstjóra að mynda formlegan samstarfsvettvang um skóla- og frístundamál í Fossvogi. Þar ættu sæti stjórnendur og starfsfólk í leikskólum, grunnskólanum og frístundastarfi í hverfinu, foreldrar, fulltrúi frá þjónustumiðstöð hverfisins og Víkingi og aðrir þeir er koma að uppeldi og menntun barna í Fossvogi. Markmið vinnunnar er að móta framtíðarsýn um góða menntun og frístundastarf barna í hverfinu með áherslu á samstarf, betra flæði milli skólastiga og nýjar leiðir til að gera vinnudag barna sem innihaldsríkastan með uppbyggilegu frístundastarfi.

Jafnréttisskóli í Reykjavík

Á vormánuðum var samþykkt að setja á stofn Jafnréttisskóla Reykjavíkur og hóf hann starfsemi á haustmánuðum er Auður Magnús Auðardóttir var ráðin verkefnastjóri. Markmið skólans er að styðja við jafnréttisstarf í skólum og frístundamiðstöðvum borgarinnar. Starfið mun byggja á aðalnámskrám þar sem jafnrétti er einn af grunnþáttum menntunar og á mannréttindastefna Reykjavíkurborgar. Jafnréttisskólinn mun m.a. sinna hlutverki sínu með vefmiðlun, fyrirlestrum og vinnufundum og aðstoða við gerð jafnréttisáætla og hófst vinna við þessi verkefni á árinu.

Þátttökubekkir

Í maí samþykkti ráðið að stofna til fjögurra þátttökubekkja undir stjórn Klettaskóla. Fyrsti bekkurinn tók til starfa í Árbæjarskóla 1. ágúst. Þátttökubekkur gerir nemendum með þroskahömlun kleift að njóta faglegrar þjónustu og þekkingar sérskólans og jafnframt náms og skólastarfs í almennu námsumhverfi.

Samstarf við Fjölskyldu og húsdýragarðinn

Í júní var undirritaður samningur Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, skóla- og frístundasviðs og íþrótta- og tómstundasviðs um samstarf á sviði náttúrufræðikennslu og frístundastarfs. Í honum felst m.a. að leikskólar, grunnskólar og frístundaheimili greiða ekki aðgangseyri að garðinum í tengslum við skipulagt fræðslustarf. Á haustmánuðum þegar samningurinn hafði verið formfestur fjölgaði mjög nemendum í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.



Sveigjanleiki á skólaskilum

Ráðið samþykkti í júní að láta draga upp lagaramma og verklagsreglur um sveigjanleika við upphaf og lok náms barna í grunnskólunum. Þessar reglur verða unnar út frá reynslu og þekkingu skólastjóra og sálfræðinga á þjónustumiðstöðvum borgarinnar.

Lesið í leik – læsisstefna fyrir leikskóla

Ráðið samþykkti í júní læsisstefnu fyrir leikskólana á grundvelli aðalnámskrár. Stefnan er hagnýtt verkfæri fyrir leikskóla til að setja sér markmið í skólanámskrá um mál og læsi leikskólabarna.



Samstarf við samtökin Móðurmál

Í ágúst var undirritaður samstarfssamningur við samtökin **Móðurmál** um kennsluáðstöðu í Fellaskóla og leikskólunum Ösp og Holti í Breiðholti. Um 250 börn sem tala níu tungumál læra móðurmál sín undir regnhlíf **Móðurmáls**. Áður höfðu samtökin aðstöðu til móðurmálskennslu í Hagaskóla og leikskólanum Hagaborg.

Aðkoma foreldra að ráðningum skólastjórnenda

Ráðið samþykkti í september tillögur starfshóps um aukna aðkomu foreldra að ráðningum skólastjórnenda í leikskólum og grunnskólum borgarinnar í gegnum foreldra- og skólaráð.

Við berum öll ábyrgð – samfélag án eineltis

Á degi gegn einelti þann 8. nóvember var dreift til allra leikskóla- og grunnskólabarna í borginni endurskinsmerki með merki verkefnisins **Vinsamlegs samfélag** og áletruninni: **Við berum öll ábyrgð**. Jón Gnarr borgarstjóri heimsótti nemendur í Réttarholtsskóla í tilefni dagsins og ræddi við þá um hvernig rækta má upp vinsamlegt samfélag.



Vinsamlegt samfélag er þverfaglegt verkefni á skóla- og frístundasviði sem nær til allra starfsstaða þess. Í tengslum við verkefnið var útbúinn gátlisti um forvarnir, inngrip og eftirfylgd í eineltismálum. Einnig var einblöðungi dreift á starfsstaði sviðsins þar sem tíundað var hvernig hver og einn gæti lagt sitt af mörkum til að sérhver vinnustaður barna og unglinga sé vinsamlegt samfélag.

Boðið til samræðu um læsi

Á haustdögum fór af stað kynningarherferð í hverfum borgarinnar um nýja læsisstefnu leikskóla og lestrarstefnu grunnskóla. Markmið þessara fræðslufunda var að stuðla að samstarfi í hverfum um mál og læsi til að tryggja meiri samfellu í námi barna við skólaskil. Einnig voru kynnt áhugaverð þróunarverkefni skóla og frístundamiðstöðva, verkefni sem tengjast málörvum og læsi í víðum skilningi.

Skóla- og frístundaráð samþykkti jafnframt að vorið 2014 verði allir leikskólar og grunnskólar búnir að kynna sér læsisstefnu leikskóla og lestrarstefnu grunnskóla og móta samstarfsáætlun þar sem áhersla er lögð á samfellu í námi barna varðandi mál og læsi frá upphafi leikskólagöngu og fram á unglingastig.

Ungmennaráðin fá fulltrúa í skóla- og frístundaráði

Ráðið beindi þeim tilmælum til borgarráðs í október að breyta samþykkt sinni þannig að Reykjavíkurráði ungmenna verði heimilað að skipa áheyrnarfulltrúa í skóla- og frístundaráð með málfrelsi og tillögurétti.



Leiðir til að fjölga fagfólki

Í október samþykkti skóla- og frístundaráð að hrinda í framkvæmd sértækum aðgerðum til að fjölga fagmenntuðu starfsfólki í leik-, grunn- og frístundaheimilum borgarinnar og bæta kjör þeirra og starfsskilyrði. Sviðsstjóra var falið að ræða aðgerðir við mennta- og menningarmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Notkun snjalltækja í skóla- og frístundastarfi

Ráðið ákvað á fundi sínum í október framtíðarstefnumörkun um notkun snjalltækja í skólasterfi. Hún byggði m.a. á skýrslu sem Ómar Örn Magnússon, aðstoðarskólalastjóri í Hagaskóla, gerði. Stefnumörkunin felur í sér fræðslu um ábyrga nethegðun við innleiðingu nýs tæknibúnaðar, endurskoðun á starfsháttum skóla og að tæknin verði nýtt til að fara nýjar leiðir í skólasterfi. Einnig verði útfærð símenntunartilboð og fjölbreytt fræðsla um möguleika spjaldtölva í námi og kennslu barna sem þurfa stuðning.

Rafrænt fréttabréf

Sem lið í að auka upplýsingamiðlun um fagstarfið á sviðinu var á haustmánuðum sent út rafrænt fréttabréf á alla foreldra leikskóla og grunnskólabarna. Í því var m.a. fjallað um spjaldtölvur í skólasterfi, útíkennsluapp, nýja læsisstefnu fyrir leikskóla borgarinnar, landvinninga **Biophiliu**-verkefnisins, unglinga og samskiptamiðla, vendíkennslu og fleira.

Eftirlit

Eftirlit ráðsins fólst m.a. í fyrirspurnum, rannsóknum og könnunum sem kynntar voru fulltrúum. Þannig var gerð greining á niðurstöðum samræmdra könnunarprófa í samstarfi við Námsmatsstofnun, mælingar í gegnum **Skólapúlsinn**, s.s. um líðan nemenda voru kynntar og gerðar voru tillögur um aðrar kannanir og úttektir á vegum sviðsins.

Ráðið gerði jafnfram ýmsar tillögur um endurbætur og framkvæmdir á skólum og skólalóðum, endurnýjun búnaðar og annað viðhald. Það staðfesti samstarfssamninga, ráðningar nýrra stjórnenda, skóladagatal grunnskóla, starfsáætlanir leikskóla og grunnskóla og breytingar sem nauðsynlegt var að gera á reglum um þjónustu dagforeldra og leikskóla. Þá fylgdist ráðið með innleiðingu aðalnámskrár í leik- og grunnskóla.



Samráð við stjórnendur

Mánaðarlega koma stjórnendur undirstofnana saman til fundar með stjórnendum á skrifstofu sviðsins og ræða fagstarfið, starfsmannamál, stefnumarkandi ákvarðanir og framkvæmd þeirra. Einnig kemur samráð leikskólastjóra, skólastjóra og 24 manna samráðshópur frístundamála saman sex sinnum á ári. Í faglegu samráði sitja fulltrúar stjórnenda, faglegur stjórnandi á skrifstofu og fulltrúi mannauðsdeildar.



Markmið þessara samráða er að vera faglegur vettvangur fyrir umræður og upplýsingamiðlun svo og að fá viðbrögð á hin ýmsu mál.

Samráð leikskólastjóra

Sigríður Þórðardóttir, leikskólastjóri í Árborg, fyrir Árbæ, Grafarholt og Nordlingaholt.
Gerður Sif Hauksdóttir, leikskólastjóri í Grænuborg, fyrir Miðborg og Hlíðar.
Rannveig Bjarnadóttir, leikskólastjóri í Gullborg, fyrir Vesturbæ.
Ágústa A. Friðriksdóttir, leikskólastjóri í Seljaborg, fyrir Breiðholt.
Dagrún Ársælsdóttir, leikskólastjóri í Vinagerði, fyrir Laugardal og Háaleiti.
Júlíana Hreinsdóttir, leikskólastjóri í Lyngheimum, fyrir Grafarvog.

Samráð skólastjóra

Örn Halldórsson fyrir Vesturbæ.
Kristrún G. Guðmundsdóttir fyrir Miðborg Hlíðar.
Sigríður H. Bragadóttir fyrir Laugardal og Háaleiti.
G. Eygló Friðriksdóttir fyrir Árbæ, Grafarholt og Nordlingaholt.
Kristín Jóhannesdóttir fyrir Breiðholt.
Björgvin Þ. Þórhallsson fyrir Grafarvog og Kjalarnes.
Guðlaug E. Gunnarsdóttir, formaður í félagi skólastjórna í Reykjavík.

Samráðshópur frístundamála

Í hópnum sátu forstöðumenn frístundamiðstöðvanna:
Atli Steinn Árnason fyrir Grafarvog.
Guðrún Kaldal fyrir Vesturbæ.
Haraldur Sigurðsson fyrir Laugardal og Háaleiti.
Helgi Eiríksson fyrir Breiðholt.
Jóhannes Guðlaugsson fyrir Árbæ, Grafarholt og Nordlingaholt.
Selma Árnadóttir/Dagbjört Ásbjörnsdóttir fyrir Miðborg og Hlíðar.

Dagforeldrar

Dagforeldrar voru 198 á árinu 2013. Þann 1. október 2013 voru 783 börn skráð hjá dagforeldrum, flest fædd á árinu 2012 eða 725. Framlag borgarinnar vegna barna hjá dagforeldrum var óbreytt á árinu svo og reglur um þjónustu dagforeldra.


Algengara er orðið að tveir dagforeldrar starfi saman. Flestir starfa í heimahúsi en eins er nokkuð um að húsnæði sé leigt undir starfsemi. Reykjavíkurborg hefur komið á móts við þessa þörf með því að leigja dagforeldrum húsnæði sem hefur verið aðlagð að daggæslunni. Þann 1. desember voru 44 pör starfandi, samtals 88 dagforeldrar.

Fjör á námskeiðsdegi dagforeldra

Námskeiðsdagur dagforeldra hefur fest sig í sessi sem mikilvægur liður í símenntun þeirra og sem leið til að styrkja tengslin og félagsauðinn. Um 160 dagforeldrar mættu á námskeið sem haldið var í mars. Þar voru flutt erindi um gildi tónlistar og hreyfingar í starfi með ungum börnum og um viðbrögð við sýkingum hjá smábörnum. Einnig voru kynntar viðhorfsskannanir meðal dagforeldra og foreldra barna hjá dagforeldrum.



Fjöldi dagforeldra og barna 1997-2013



Leikskólar

Þann 1. október 2013 dvöldu 5.990 börn í leikskólum borgarinnar, 1.006 börn í 18 sjálfstætt starfandi leikskólum og 30 börn í sjálfstætt starfandi leikskólum utan Reykjavíkur. Heildarfjöldi leikskólabarna í borginni var 6.996.

Starfsáætlun

Í starfsáætlun var lögð áhersla á að efla skapandi og fjölbreytt fagstarf í leikskólum borgarinnar. Starfshópar unnu að stefnumótun í málaflokkum um börn og fjölmenningu, innra og ytra mati, auk þess sem starfshópur um læsisstefnu fyrir leikskóla lauk störfum á árinu.

Á fagskrifstofu starfa jafnframt stefnumótandi teymi um margvísleg verkefni, s.s. um forvarnir, læsi, **Vinsamlegt samfélag**, málefni innflytjenda, foreldrasamstarf, listir og menningu, menntun til sjálfbærni, mat á skólastarfi og málefni fatlaðra og sérkennslu.

Á árinu var áfram unnið að innleiðingu aðalnámskrár leikskóla, frá fyrra ári m.a. í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ. Boðið var upp fræðslu- og vinnufundi þar sem fjallað var um grunnþætti menntunar og unnið var að innleiðingu aðalnámskrár og endurskoðun skólanámskrár. Margir leikskólar nýttu sér jafnframt ráðgjöf og stuðning frá skrifstofu vegna innleiðingarinnar, bæði fræðslu um afmarkaða þætti og einnig í vinnu með starfmannahópum.

Lesið í leik

Í júní samþykkti skóla- og frístundaráð tillögur starfshóps um læsisstefnu leikskóla **Lesið í leik**. Í henni er lögð áhersla á mikilvægi leikskólans í þróun bernskulæsis og stuðnings við þau börn sem á þurfa að halda, með það að markmiði að jafna tækifæri allra barna til náms og árangurs. Í kjölfarið hófst innleiðing á stefnunni og var efnt til fræðslufunda í hverfum borgarinnar þar sem bæði læsisstefna leikskóla og lestrarstefna grunnskóla voru kynntar og hvatt til samtals á milli leikskóla-, grunnskóla- og frístundafólks um áherslur og samstarf um mál og læsi barna. Öllum deildarstjórum í leikskólum Reykjavíkurborgar og sjálfstætt starfandi leikskólum var í nóvember boðið upp á fræðslufundaröð þar sem stefnan var kynnt.

Námskeiðsdagur leikskólastjóra fór fram í Reykjanesbæ þar sem leikskólastjórar fengu kynningu á skólastarfi bæjarins og heimsóttu að því loknu leikskóla og menningarstofnanir.

Breytingar á reglum um leikskólaþjónustu

Þann 1. mars breyttust reglur um leikskólaþjónustu, en uppfæra þurfti orðalag og vísa til skóla- og frístundasviðs í stað hins gamla leikskólasviðs. Þá var kveðið á um að leikskólastjóri skyldi, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð, ákveða hvort skólinn verði opin allt sumarið eða honum lokað samfellt í 10-20 virka daga, í stað tveggja til fjögurra vikna áður. Í breyttum reglum var einnig tekið fram að ekki verði gerðir samningar við sjálfstætt starfandi leikskóla utan Reykjavíkur vegna vistunar reykivískra barna heldur ráðist framlög af sérstöku samkomulagi sveitarfélaga. Þá voru sett inn ákvæði um rétt til námsmannaafsláttar í fæðingarorlofi og rétt til afsláttar til þeirra er fá endurhæfingarlífeyri. Þann 1. maí var reglunum breytt öðru sinni og tók sú breyting til afsláttar af námsgjaldi einstæðra foreldra sem eru að skilja.

Heildarmat í leikskólum

Á árinu hófst heildarmat í leikskólum en viðmið voru unnin af starfshópi veturinn 2012 – 2013. Tilgangur matsins er að það sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra leikskólastarfi. Til grundvallar eru lögð viðmið um gæði á fimm sviðum, þ.e. stjórnunar og skipulags, uppeldis- og menntastarfs, mannauðs, leikskólabrags og innra mats. Með skýrum viðmiðum er leitast við að tryggja að allir leikskólar fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist leikskólum við innra mat. Tilraun var gerð um matið í einum leikskóla vorið 2013 og í kjölfarið voru þrír leikskólar metnir á haustönninni.

Mikil ánægja foreldra með leikskólastarf í borginni

Vidhorfskönnun meðal foreldra leikskólabarna sem gerð var á vormánuðum sýndi mikla ánægju með fagstarf skólanna. 97% foreldra telja að börnum þeirra líði mjög vel í leikskólanum og að þau séu ánægð með veru sína þar. Ánægja foreldra með viðfangsefni leikskólans er einnig mikil en 90% þeirra eru ánægðir með þann þátt.

Stóri leikskóladagurinn

Stóri leikskóladagurinn var haldinn í 5. sinn þann 7. júní undir fyrirsögninni **Ferðin til framtíðar**. Í tilefni dagsins var sett upp sýning í Tjarnarsal Ráðhússins á fagstarfi leikskólanna og boðið upp á fyrirlestra í Tjarnarbíói. Vel á fjórða tug leikskóla kynntu þróunarverkefni og metnaðarfullt fagstarf, s.s. verkefni í læsi og stærðfræði, vísindaleiki, samstarfsverkefni barna og eldri borgara, verkefnið **Okkar mál** í Fellahverfi og myndlist. Þá skemmtu leikskólabörn sýningargestum. Leikskólar í Reykjanesbæ voru að þessu sinni gestir Reykvíkinga á Stóra leikskóladeginum.

Endurnýjaðar skólalóðir við Árborg og Laugasól

Unnið var við endurgerð og frágang nokkurra leikskólalóða yfir sumarmánuðina; við Árborg, Laugasól og sameiginlega lóð Raudhóls og Nordlingaskóla.

Í leikskólanum Árborg var lokið við breytingar á lóðinni sem hófust 2012. Lóðinni var allri breytt, hiti settur í gönguleiðir og aðgengi fyrir hreyfihamlaða lagað. Þá var aðkoma við leikskólann malbikuð, fallvarnarefni lögð á leiksvæðið og leiktæki endurnýjuð.

Við sameinaða leikskólann Laugasól var lögð lokahönd á nýja og endurbætta skólalóð milli skólahúsanna sem áður hýstu leikskólana Laugaborg og Lækjarborg. Leiktæki voru endurnýjuð, skipt um jarðveg og fallvarnarefni og hellulagt við húsinn. Þá var lagður upphitaður stígur á milli húsanna svo samnýta megi þau betur.

Við sameiginlegan leik- og grunnskóla í Nordlingaholti var gengið frá einni glæsilegustu skólalóð borgarinnar sem þjónar bæði nýjum leikskóla Raudhóls og Nordlingaskóla.

Afmæli leikskóla

Nokkrir leikskólar fögnuðu stórafmæli á árinu. Sæborg hélt upp á tvítugsafmæli sitt í september og opnaði myndlistasýningu í skólanum af því tilefni. Einnig var gefin út ný námskrá fyrir skólann á afmælinu og merki skólans breytt. Garðaborg fagnaði 30 ára afmæli og var af því tilefni gefin út ljóðabókin **Núna er hann beinagrind upp í himnum** með ljóðum barna í skólanum.

Stakkaborg fagnaði þrítugsafmæli og Fífuborg tvítugsafmæli.

Nýir leikskólastjórar

Á árinu létu tveir leikskólastjórar af störfum; Sigurborg Sveinbjörnsdóttir í Hraunborg og Jónína Konráðsdóttir í Sólborg. Nýir leikskólastjórar voru ráðnir til starfa í þeirra stað; Svala Ingvarsdóttir í leikskólann Brekkuborg og Guðrún Jóna Thorarensen í leikskólann Sólborg.




Algengustu tungumál barna af erlendum uppruna í leikskólum Reykjavíkur haustið 2013



Fjöldi barna af erlendum uppruna í leikskólum Reykjavíkurborgar eftir hverfum frá 2013

Alls 1148 börn, þar af 475 með annað foreldrið íslenskt. Börn sem fæddst hafa á Íslandi meðtalín.



Grunnskólar

1. október 2013 voru 13.635 nemendur í almennum grunnskólum og 661 nemandi í sjálfstætt starfandi grunnskólum, þar með taldir 5 ára nemendur. Alls voru grunnskólanemendur því 14.296 og hafði þeim fjölgað nær 300 frá fyrra ári. Skólaárið 2013-2014 var 36 grunnskólar rekinn af Reykjavíkurborg, þar af tveir sérskólar, tveir samreknir leikskólar, grunnskólar og frístundaheimili og þrír samreknir grunnskólar og frístundaheimili. Sjálfstætt starfandi grunnskólar voru sex.

Starfsáætlun

Í starfsáætlun var lögð áhersla á að innleiða nýja aðalnámskrá, m.a. í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ, auk stefnunnar um skóla án aðgreiningar. Búið var upp á fræðslu- og vinnufundi þar sem fjallað var um grunnþætti menntunar, námsmat og endurskoðun skólanámskráa. Jafnframt var búið upp á kynningarfundum um stefnu um skóla án aðgreiningar bæði fyrir stjórnendur, deildarstjóra sérkennslu og skólaþjónustu á þjónustu-miðstöðvum. Unnið var að því að endurskoða eftirlit með nýtingu fjármagns sem varið er til sérkennslu og íslenskukennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku með mánaðarlegum yfirlitum yfir rekstrarstöðu málaflokkanna.

Opnað var sérkennslutorg (www.serkennslutorg.is) sem hefur það aðalmarkmið að styrkja samfélag þeirra sem sinna kennslu nemenda með sérþarfar á landinu. Sérkennslutorgið er í umsjón Klettaskóla og er hluti af ráðgjafahlutverki skólans.

Starfshópar unnu að stefnumótun í málaflokkum um börn og fjölmenningu, m.a. að endurskoðun á úthlutunarreglum vegna íslenskukennslu, samþættingu skóla- og frístundastarfs, notkun upplýsinga- og samskiptatækni í skólastarfi o.fl. Á fagskrifstofu starfa jafnframt þverfagleg stefnumótandi teymi um forvarnir, læsi, **Vinsamlegt samfélag**, málefni innflytjenda, foreldrasamstarf, listir og menningu, menntun til sjálfbærni, mat á skólastarfi og málefni fatlaðra og sérkennslu.

Efnt var til sameiginlegra fræðslufunda í hverfum borgarinnar þar sem bæði læsisstefna leikskóla og lestrarstefna grunnskóla voru kynntar og hvatt til samtals á milli leikskóla-, grunnskóla- og frístundafólks um áherslur og samstarf um mál og læsi barna.

Niðurstöður úr tilraunaverkefni um bættu heilsu og lífsstíl barna voru kynntar fyrir skólastjórum og öðru starfsfólki grunnskólanna. Einnig tók skrifstofa SFS þátt í að meta tilraunaverkefni í tveimur skólum með notkun spjaldtölva og lesbretta í skólastarfi.

Í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ var unnið að því að prófa kennslu í náttúruvísindum í samræmi við kenningaramma OECD og haldið einingarbært námskeið fyrir kennara í náttúrufræði. Að auki voru starfandi faghópar kennara í íslensku og stærðfræði. Í tengslum við **Öskudagsráðstefnu** var haldið námskeið fyrir kennara um leiðir til að efla lýðræði og samvinnu í skólastofunni.

Aukin gæði í mótuneytisþjónustu

Á árinu var byrjað að setja saman sameiginlegan gagnagrunn fyrir yfirmenn skólamótuneytanna til að auðvelda þeim að halda utan um hráefniskaup, matsedla og verð. Með slíkum gagnagrunni er stefnt að því að samræma hráefniskaup í hverfum þannig að unnið verði úr sams konar hráefni í skólamótuneytunum á tilteknum dögum. Rösklega 12.000 grunnskólabörn nýttu sér mótuneytisþjónustu skólanna á árinu.



Heildarmat

Heildarmat eða ytra mat fór fram í níu grunnskólum á árinu; Barnaskóla Hjallastefnunnar, Breiðholtsskóla, Brúarskóla, Grandaskóla, Klettaskóla, Nordlingaskóla, Suðurlíðaskóla, Sæmundarskóla og Waldorfskólanum Sólstöfum. Þar með hefur heildarmat farið fram í öllum grunnskólum borgarinnar nema Ártúnsskóla og Dalskóla sem eru samreknir leik- og grunnskólar. Alls hafa 43 grunnskólar verið heimsóttir síðan haustið 2007 þegar verkefnið hófst, þrír þeirra tvisvar.

Dagur barnsins

Ákveðið var að hefja tveggja ára tilraunaverkefni í Fellaskóla þar sem skóladagur barna í 1. og 2. bekk væri lengdur um 4 kennslustundir á viku með stóru aukinni áherslu á málþroska og læsi, hvetjandi námsumhverfi, félagsþroska og samskipti. Einnig voru settir af stað fimm starfshópar í skólum með samþætt skóla- og frístundastarf til að veita skólunum ráðgjöf og stuðning, efla samstarf og formgera það. Fulltrúar í starfshópunum ákváðu að efna til málþings í júní 2013 til að kynna starf sitt, skiptast á skoðunum og móta áframhaldandi samstarf. Að auki fór af stað starfshópur í Fossvogi með það að markmiði að leita leiða til að efla samvinnu í skóla og frístundastarfi í hverfinu.

Símenntun kennara og skólastjórnenda

Í upphafi árs var farið af stað með námskeið fyrir skólastjóra og stýrihópa í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ um innleiðingu aðalnámskránnar í grunnskólunum þar sem farið var m.a. yfir grunnþætti menntunar og kynntar vinnuáðferðir til að fjalla um þá í skólunum, breytingastjórnun, námsmat og endurskoðun skólanámskránnar. Fundað var með fulltrúum í mennta- og menningar- málaráðuneytinu til að fá skýringar á óljósum þáttum við útfærslu aðalnámskránnar. Einnig var boðið upp á námskeið fyrir grunnskólakennara um helstu breytingar sem verða á námssviðum grunnskólanna sem rúmlega 200 kennarar sóttu.

Í haustsmiðjum kennara var boðið upp á fimmtán námskeið sem um 500 kennarar sóttu. Nokkur námskeið héldu áfram haustið 2013 og námskeið um skólaþróttir allt skólaárið.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafa haft með sér samstarf um símenntun fyrir grunnskólakennara. Viðfangsefnið tengist ýmsum þáttum í nýrri aðalnámskrá fyrir grunnskóla, einkum þeim sem telja má til nýbreytni í starfsháttum. Í þessum tilgangi hafa verið haldnir fræðslufundir sem ætlaðir voru grunnskólakennurum og skólastjórnendum á höfuðborgarsvæðinu. Fræðslufundunum hafa lagt áherslu á að fræða um námsmat í grunnskólastarfi í samræmi við nýja aðalnámskrá grunnskóla (2011) og er ætlað að styðja við grunnskólakennara í að innleiða nýja aðalnámskrá í daglegt skólastarf.

Fjallað var um leiðsagnarmat á þremur fundum á fyrra hluta árs. Viðfangsefnið voru:

Námsmat í þágu náms (John Morris o. fl.), Viðmið og matskvarðar (Erna I. Pálsdóttir og Hildur Karlsdóttir), Endurgjöf og sjálfsmat (Ragnheiður Hermannsdóttir, Ketill Magnússon og Hrefna Birna Björnsdóttir).

Á haustmisserfi var þráðurinn tekinn upp að nýju og nú var viðfangsefnið hæfniviðmið. Fyrirkomulagið að þessu sinni var þrjúþætt:

- fræðslufundur í Skriðu, fyrirlestraral Menntavísindasviðs H. Í. (Guðrún Geirsdóttir og Amalía Björnsdóttir)
- fimm vinnustofur í sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins með umræðum og skráðum niðurstöðum
- umfjöllun í einstökum skólum um punkta frá vinnustofunum.

Afrakstur þessa starfs má sjá á ssh.menntamidja.is, en vefsíðan er helguð símenntun til starfs- og skólaþróunar í grunnskólum höfuðborgarsvæðisins.

Comeniusarverkefni um lýðræði og borgaravitund

Sviðið og skólaýfirvöld í Flórens á Ítalíu starfa saman að verkefni um lýðræði og borgaravitund sem styrkt er af Comeniusaráætlun Evrópusambandsins. Verkefnið hófst haustið 2012 og lýkur vorið 2014. Þátttakendur hér á landi eru Réttarholtsskóli, Hagaskóli, Laugalækjarskóli og frístundamiðstöðvarnar Frostaskjól og Kampur. Markmiðið er að efla lýðræðisvitund unglinga með formlegri og óformlegri kennslu um lýðræði og sjálfbærni. Meginforsendan er að styrkja og auka hæfni kennara og starfsfólks í frístundastarfi til að vinna með lýðræði og málefni sem því tengjast. Kennarar og starfsfólk í frístundastarfi í Flórens og Reykjavík munu þróa aðferðir til að vinna með ungu fólki með áherslu á tölvuþekkingu, fjölmiðlun og aðra virka miðlun.

Ardleigh Green vefurinn

Á vefnum netnam.is er verkefnasafn sem kennarar við Laugarnesskóla, Sæmundarskóla, Vesturbæjarskóla og á grunnskólaskrifstofu hafa þýtt eða samið. Verkefnið eða hugmyndir að þeim eiga rætur að rekja til samstarfs skólanna við Ardleigh Green Junior School í London. Myndefni var tekið upp í Ardleigh Green skólanum í maí 2013 og sýnir megináherslur í skólastarfinu. Gert er ráð fyrir að stjórnendur og kennarar við hvern skóla skoði þessi myndbönd saman og ræði kennslufræðilegar spurningar sem eru í lok hvers myndbands. Á vefnum er einnig upptaka af fyrirlestri John Morris og kennara í Laugarnesskóla um leiðsagnamat sem þau fluttu á málþingi á vegum Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Framkvæmdir við skóla og skólalóðir


Unnið var við frágang nýrrar og glæsilegrar skólalóðar við Nordlingaskóla á árinu, en hún þjónar bæði nýjum leikskóla og grunnskólanum. Þá lauk endurbótum á elstu álmu Breiðagerðisskóla og norðurhluta lóðarinnar og hafinn var undirbúningur að framkvæmdum við 3.400 fermetra viðbyggingu við Klettaskóla sem hýsa mun sundlaug og nýja íþróttaaðstöðu. Við Hamraskóla í Grafarvogi hófst síðari áfangi við endurgerð skólalóðar og voru leiktæki og fallvarnarefni endurnýjuð. Lokið var við endurbætur á skólalóð Réttarholtsskóla og Seljaskóla og sett upp boltagerði við Engjaskóla og Fossvogsskóla.

Afmæli grunnskóla

Glæsileg hátíð var haldin í Rimaskóla í maí þegar haldið var upp á tuttugu ára afmæli skólans. Skólastjóri Rimaskóla frá upphafi er Helgi Árnason. Sæmundarskóli fagnaði tíu ára starfsafmæli á árinu. Skólinn flutti á árinu alla starfsemi í nýtt og glæsilegt skólalóð. Skólastjóri frá upphafi er G. Eygló Friðriksdóttir.

Nýir skólastjórar

Hanna Guðbjörg Birgisdóttir var á árinu ráðin skólastjóri við Háaleitisskóla og Dagný Annasdóttir skólastjóri við Melaskóla. Þorkell D. Jónsson leysti af Björgvin P. Þórhallsson, skólastjóra Klébergsskóla í námsleyfi og Sigurlaug H. Svavarsdóttir, aðstoðarskólastjóri Hamraskóla, var ráðin til að leysa Yngva Hagalínsson, skólastjóra af í veikindaleyfi.



Skóli án aðgreiningar

Skóli án aðgreiningar og sérstakur stuðningur við nemendur

Innleiðing á stefnu um skóla án aðgreiningar hófst í janúar 2013 með kynningarfundum í Laugalækjarskóla fyrir skólastjórnendur og starfsfólk skólajónustu á þjónustumiðstöðvum. Markmið innleiðingarinnar er m.a. að byggja upp gagnkvæmt traust, virðingu og sameiginlegan skilning allra aðila skólasamfélagsins á stefnunni. Innleiðingarferlið nær fram til ársins 2015 og munu skólar m.a. skoða starfshætti sína og skólanámskrár, áhersla verður lögð á fræðslu og símenntun og unnin verða viðmið til að meta og skoða framkvæmd stefnunnar.

Fyrsti þátttökubekkurinn tekur til starfa í Árbæjarskóla

Skóla- og frístundaráð samþykkti á vormánuðum að fyrsti þátttökubekkurinn af fjórum frá Klettaskóla yrði í Árbæjarskóla. Hann tók svo til starfa í upphafi skólaárs með tveimur starfsmönnum og tveimur nemendum. Í stefnu um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskóla er kveðið á um að stofnað skuli til fjögurra þátttökubekkja, undir stjórn Klettaskóla. Þátttökubekkurinn er sérhæft úrræði fyrir þroskahamlaða nemendur, undir stjórn starfsfólks Klettaskóla, en með aðsetur í almennum grunnskóla. Nemendur í þátttökubekk njóta faglegar þjónustu og þekkingar sérskólans og jafnframt náms og skólastarfs í almennum námsumhverfi. Áætlaður kostnaður við rekstur fyrsta þátttökubekklarinnar í Árbæjarskóla er um 20 milljónir króna á ársgrundvelli.

Annar þátttökubekkur Brúarskóla

Á árinu var hafinn undirbúningur að stofnun annars þátttökubekklar Brúarskóla. Hann verður í Grafarvogi og mun taka til starfa í ágúst 2014. Brúarskóli er tímabundið úrræði fyrir nemendur á miðstigi sem eiga í alvarlegum geðrænum-, hegðunar eða félagslegum erfiðleikum. Með þátttökubekk gefst nemendum kostur á sérhæfðu úrræði í sínu heimahverfi.

Málkönnunarprófið Milli mála

Skólaárið 2013 var lokið við þróun málkönnunarprófsins **Milli mála** í samstarfi við dr. Elínu Þöll Þórðardóttur höfund prófsins. Með prófinu er hægt að meta íslenskukunnáttu nemenda með annað móturmál en í íslensku.

Fjöldi barna í sérhæfðum sérdeildum og sérskólum í Reykjavík

Fjöldi grunnskólanemenda í sérhæfðum sérdeildum frá 2007 - 2013

	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Foldaskóli – fardeild fyrir börn með atferlisvanda ¹	16	23	29	33	33	33
Hlíðaskóli – táknaðssvið	19	18	17	17	13	15
Fellaskóli – deild fyrir einhverfa nemendur	8	9	9	6	9	9
Hamraskóli – deild fyrir einhverfa nemendur ²	6	7	8	8	-	-
Foldaskóli – deild fyrir einhverfa nemendur ²					8	9
Langholtsskóli – deild fyrir einhverfa nemendur	9	8	9	8	9	9
Vogaskóli – deild fyrir einhverfa nemendur ³	-	-	-	4	6	6
Réttarholtsskóli/Bjarkarhlíð nemendur með félagslega erfiðleika og hegðunarvanda ⁴	7	-	-	-	-	-
Samtals nemendur í sérhæfðum sérdeildum	65	65	72	72	78	81

¹ Fardeild sinnir málefnum nemenda í 5 skólum

² Deild fyrir einhverfa nemendur í Hamraskóla var flutt í Foldaskóla haustið 2012

³ Deild fyrir einhverfa nemendur í Vogaskóla tók til starfa haustið 2011

⁴ Bjarkarhlíð var lögð niður haustið 2009

Fjöldi grunnskólanemenda í sérskólum frá 2009 - 2013

	2009	2010	2011	2012	2013
Brúarskóli ¹	30	35	49	34	31
Klettaskóli	0	0	94	96	107
Safamýraraskóli	13	13	-	-	-
Öskjuhlíðarskóli	83	81	-	-	-
Samtals nemendur í sérskólum	126	129	143	130	138

¹ Á vegum Brúarskóla eru einnig nemendur í Brúarseli, Dalbraut og Studlum.

Safamýraraskóli og Öskjuhlíðarskóli voru sameinaðir í einn skóla, Klettaskóla, haustið 2011

Frístundamiðstöðvar

Þann 1. október 2013 voru sex frístundamiðstöðvar reknar af Reykjavíkurborg. Þær höfðu umsjón með 37 frístundaheimilum, 6 frístundaklúbbum og 21 félagsmiðstöð. Til viðbótar voru 5 frístundaheimili og 1 félagsmiðstöð rekin af grunnskólum. Alls voru 3.814 börn skráð á frístundaheimili og frístundaklúbba fyrir fatlaða. Hátt í 200 þúsund heimsóknir 10-16 ára barna voru skráðar í félagsmiðstöðvarnar.

Starfsáætlun

Í starfsáætlun var lögð áhersla á að vinna viðmið um gott frístundastarf. Starfshópur komst langt með þá vinnu og verður haldið áfram á árinu 2014 en þá hefst innleiðing á mati á starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva.

Starfshópar mótuðu áherslur í frístundastarfi fyrir 10-12 ára börn og stefnu um frístundabjónustu SFS fyrir börn og unglinga með fötlun. Þróuð var sérstök frístundagátt í upplýsingakerfinu **Mentor** til að koma upplýsingum um frístundastarf til foreldra grunnskólabarna.

Skóla- og frístundasvið tók þátt í ráðstefnunni **Hjólað til framtíðar – réttur barna til hjóla** og samhliða henni var lagður grunnur að hjólaðarstefnu skóla- og frístundasviðs með könnunum til foreldra, barna og stjórnenda í skóla- og frístundastarfi. Málþing var haldið með íþróttakennurum, verkefnisstjórum í frístundastarfi og íþróttafélögum um hreyfingu grunnskólabarna og unnið er að tillögum um aukna hreyfingu grunnskólabarna í kjölfarið.

Í framhaldi af greiningu á þjónustubörfum barna og unglinga með alvarlega hegðunarfrávík var settur á laggirnar nýr frístundaklúbbur við Brúarskóla sem hlaut nafnið **Hlíð**.

Unnin var stefna um fjölmennarlegt frístundastarf og útbúinn var gátlisti um samstarf frístundaheimila og leikskóla um móttöku og aðlögun tvítyngdra barna á frístundaheimili.

Starfshópur mótaði stefnu um framtíðarsýn og hlutverk frístundamiðstöðva.

Á árinu samþykkti skóla- og frístundaráð að frá og með áramótum 2013-2014 yrði starfrækt safnfrístund fyrir börn í 3. og 4. bekk í Laugarnesskóla og Langholtsskóla og að frístundamiðstöðin Kringlumýri myndi bera ábyrgð á starfseminni.



Réttindaganga barna

Árleg réttindaganga leikskóla- og grunnskólabarna í Miðborg og Hlíðum fór venju samkvæmt fram í 20 nóvember, á 24. afmælisdegi **Barnasáttmála Sameinuðu** þjóðanna. Gengið var frá Hallgrímskirkju að Ráðhúsi Reykjavíkur þar sem Jón Gnarr borgarstjóri tók á móti börnunum. Gangan var skipulögð af frístundamiðstöðinni Kampi.

Skrekkur

Langholtsskóli sigraði hæfileikakeppni grunnskólanna, Skrekk 2013, með atriðinu **Hjartað** sem fjallaði um hversu fáránlegt er að fordæma ást í hvaða formi sem hún birtist. Í öðru sæti varð Réttarholtsskóli og Hlíðaskóli í því þriðja. 23 skólar skráðu sig til þátttöku að þessu sinni. Umsjón með keppninni hafði Hitt húsið og fór keppnin fram í Borgarleikhúsi í beinni útsendingu á Skjá einum eins og undanfarin ár.

Félagsmiðstöðvardagurinn


Félagsmiðstöðvar og SAMFÉS stóðu fyrir árlegum **Félagsmiðstöðvardegi** í nóvember. Af því tilefni var opið hús í félagsmiðstöðvunum þar sem unglingamenningin fékk að blómstra. Unglingar og unglingaráðin skipulögðu dagskrána og var gestum boðið upp á fjölmörg atriði, s.s. sýningu á hönnun, kvikmyndum, dansi, leiklist og myndlist. Markmið þessa dags er að gefa ungum og öldnum tækifæri til að kynna sér unglingamenningu í sínu hverfi, kynnast því metnaðarfulla fagstarfi sem fer fram félagsmiðstöðinni, unglingunum sjálfum og daglegum viðfangsefnum þeirra.

Húsnæðismál

Borgarstjórn ákvað að verja á árinu 20 milljónum króna til að breyta spennistöðinni við Austurbæjarskóla í miðstöð frístundastarfs í miðborginni, en engin félagsmiðstöð er í hverfinu. Hugmynd að því að breyta spennistöðinni í félagsmiðstöð kom fram á samráðsvefnum **Betri Reykjavík** á árinu 2012 og er stefnt að því að hún taki til starfa haustið 2014. Í nóvember fóru foreldrar og nemendur í Austurbæjarskóla á fund borgarstjóra í ráðhúsinu til að knýja á um að framkvæmdum við spennistöðina verði hraðað.



Fjöldi barna á frístundaheimilum í Reykjavík haustið 2013



Skólahljómsveitir

Í fjórum skólahljómsveitum sem Reykjavíkurborg rekur lærðu 431 nemandi á hljóðfæri skólaárið 2013-2014. Auk þess rak Reykjavíkurborg Tónlistarskólann á Klébergi þar sem á fjórða tug barna stunduðu nám.

Ný stjórnandi var ráðinn við Skólahljómsveit Árbæjar- og Breiðholts á árinu, Snorri Heimisson.

Vilborg Jónsdóttir, stjórnandi Skólahljómsveitar Austurbæjar, fékk hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs 2013 fyrir öflugt tónlistarstarf og fyrir viðvarandi vitleitni til nýbreytni og tilrauna og leit.

Skólahljómsveit Grafarvogs, C-sveit, var meðal þeirra sem fengu viðurkenningu fyrir frábæra frammistöðu á hátíðinni **Nótunni** 2013. Einar Jónsson stýrði flutningi sveitarinnar sem fékk viðurkenningu fyrir samleik í miðnámi. Sama sveit fékk á árinu Evrópustyrk og tók þátt í stóru hljómsveitarmóti á Spáni.

Tónlistarskólar

Samningar til þriggja ára voru undirritaðir 2012 við 18 tónlistarskóla í Reykjavík og var kennslu- og stjórnunarkostnaður vegna um 2.500 nemenda greiddur samkvæmt þeim árið 2013. Hátt í 400 nemendur stunduðu fornám, í grunnnámi voru um 1.700 nemendur og í miðnámi á hljóðfæri voru ríflega hálf fjórða hundrad. Önnur námsstig tónlistar, miðnám í söng- og framhaldsnámi, njóta stuðnings ríkisins og sér Reykjavíkurborg um greiðslur Jöfnunarsjóðs til tónlistarskóla vegna þeirra nemenda.

Yfir fimmtíu tónlistar- og tónmenntakennarar á námskeiði

Námskeið sem haldið var fyrir tónlistar- og tónmenntakennara í september var vel sótt en meðal þess sem þar var kennt var notkun snjallsíma og smáforrita í tónlistarkennslu. Þá var fjallað um tónfræði í fjarnámi og tónlistarvinnustofur á netinu. Námskeiðið var haldið í Hlíðunni í Gufunesbæ í samstarfi við skólahljómsveitir Reykjavíkur, STÍR, FÍH og FT.



Fullorðinsfræðsla

Hjá Námsflokkum Reykjavíkur stunduðu 213 nám á árinu, auk þess sem fjölmargir aðrir leituðu sér náms- og starfsráðgjafar í samtals 1.860 viðtölum. Starfsmenn eru nú 11, auk 15 kennara sem eru verktakar. Markmiðin eru sem fyrr að veita fólki tækifæri til að bæta við menntun sína, jafnt almenna sem sértæka, og að bæta félagslega stöðu fólks með aukinni menntun.

Verkefnin felast í almenntri fullorðinsfræðslu og náms- og starfsráðgjöf í aðalstöðvunum að Suðurlandsbraut 32 og hjá öllum þjónustumiðstöðvum borgarinnar. Sértek samstarfverkefni eru unnin samkvæmt samningum við velferðarsvið borgarinnar, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Fjölbautaskólann við Ármúla og Fjölmennnt. Námsframboð skiptist í fimm flokka:

1. Átaksverkefni; **Kvennasmiðja, Karlasmíðja og Grettistaki** 9-18 mánuði. Verkefnin eru unnin samkvæmt samningum við velferðarsvið Reykjavíkurborgar.
2. Ungmennaverkefni; **Námskraftur og Starfskraftur**. Verkefni eru unnin í samstarfi við velferðarsvið Reykjavíkurborgar, mennta- og menningarmálaráðuneyti og Fjölbautaskólann við Ármúla.
3. **Námsbrú**, fyrstu áfangar framhaldsskóla. Einkum ætlað nemendum sem hafa lokið námi í átaksverkefnum.
4. Fjölmennntarverkefni; unnin í samstarfi við **Fjölmennnt** og sniðin að þörfum nemenda með þroskahömlun eða geðraskanir.
5. Grunn nám; opin verkefni aðgengileg öllum fullorðnum.

Námsflokkarnir hafa þróað sérhæfðar námsbrautir sem byggja á því að skapa samfelldan skóladag með námsáföngum í stærðfræði, listum, heimspeki og íslensku, auk markvissrar námsráðgjafar. Samningur þar að lútandi var endurnýjaður til þriggja ára vorið 2013 og miðar að því að stemma stigu við brotthvarfi úr framhaldsskóla.

Samningi Námsflokka við **Fjölmennnt** um fjölbreytta símenntun fyrir fatlað fólk, einkum ungt fólk með geðraskanir, lauk vorið 2013. Nokkrir nemendur héldu þó áfram námi til ársloka.

Skóla- og frístundaráð samþykkti í apríl 2012 að skipa skyldi starfshóp til að endurskoða félagslega menntastefnu Reykjavíkur frá árinu 2005. Stefnt er að því að hópurinn ljúki störfum í febrúar 2014.



Guðrún Halldórsdóttir, fyrrum forstöðumaður NR, Jenna Jensdóttir rithöfundur og lóunn Antonsdóttir, forstöðumaður NR, við úthlutun úr Guðrúnarsjóði. Guðrún Halldórsdóttir lést á árinu 2012. Hún var ötull brautryðjandi fullorðinsfræðsla í 30 ár.

Starfsmenn og starfsþróun

Leikskólastjórar

Leikskólastjóraráhópurinn sótti stjórnenda- og leiðtoganámskeið sem skipulagt var í samstarfi við Háskólann í Reykjavík. Um var að ræða 5 námskeið, samtals 20 klukkustundir. Að auki hittust leikskólastjórar á milli námskeiða til að ígrunda og ræða viðfangsefnið. Þá var haldið námskeið vegna innleiðingar nýrrar aðalnámskrár fyrir leikskólustjóra og tengiliði í samstarfi við HÍ.

Aðstoðarleikskólastjórar og deildastjórar


Boðið var upp á svokallaðan **Leiðtogaskóla** fyrir aðstoðarleikskólastjóra og deildastjóra. Markmiðið var að efla stjórnendur í starfi og skapa fyrir þá vettvang til að ræða starfið og hlutverk sitt sem leiðtoga. Þetta er eitt víðamesta símenntunarverkefni sem haldið hefur verið fyrir stjórnendur leikskólanna.

Grunnskólastjórar og aðstoðargrunnskólastjórar

Boðið var upp á svokallaða verkfærakistu skólastjórnandans sem fól í sér þrjú námskeið sem skólastjórnendur gátu kosið að sækja. Þetta voru námskeiðin **Efling liðsheildar** þar sem Eypór Eðvardsson frá Þekkingarmiðlun var leiðbeinandi, **Samningatækni** þar sem Aðalsteinn Leifsson frá HR var leiðbeinandi og **Tímastjórnun** en þar var Ragnheiður Stefánsdóttir mannauðsráðgjafi hjá SFS leiðbeinandi. Um 65 skólastjórnendur sóttu þessi námskeið. Þá var boðið upp á námskeiðið **Skólastjórnandinn sem faglegur leiðtogi**, en leiðbeinandi var Geoff Hannan. Að lokum voru námskeið vegna innleiðingar nýrrar aðalnámskrár í samstarfi við HÍ.

Stjórnendur frístundamiðstöðva

Nokkur námskeið voru í boði fyrir stjórnendur frístundamiðstöðva. Markþjálfunarnámskeið var haldið sem leiðbeinendur frá Vendum héldu utan um. Þá var boðið upp á verkefnastjórnunarnámskeið og námskeið í samningatækni. Um 75 stjórnendur sóttu þessi námskeið.



Verkefnastjórar og aðstoðarverkefnastjórar frístundaheimila og félagsmiðstöðva

Leiðtogaskóli var í boði fyrir verkefnastjóra og aðstoðarverkefnastjóra. Markmið námskeiðanna var að efla stjórnendur í starfi og skapa fyrir þá vettvang til að ræða starfið og hlutverk sitt sem leiðtoga. Viðfangsefnin voru t.d. forysta og leiðtoginn, stjórnunarstílar, þáttökustjórnun, ólíkar kynslóðir á vinnumarkaði o.fl. Áhersla var á óformlegar kennsluadferðir, hópastarf og umræður. Um var að ræða 5 námskeið, 3 tíma í senn, samtals 15 klukkustundir, tuttugu þátttakendur sóttu þessi námskeið.

Stjórnendanámskeið

Boðið var upp á ýmis námskeið fyrir stjórnendur í leikskólum, grunnskólum og frístundamiðstöðvum. Má þar nefna námskeið um vinnurétt, bókhaldskerfið Agresso og starfsþróunarsamtöl. Þá var haldið málþing um þróun starfsþróunarsamtala fyrir stjórnendur hjá SFS.

Stjórnendafundir sem vettvangur þekkingarmiðlunar

Sérhver stjórnendahópur hjá SFS fundar reglulega eða að jafnaði einu sinni í mánuði. Á þeim eru jafnan haldin erindi um málefni sem tengjast skóla- og frístundastarfi og nýta þá sem þekkingaröflun fyrir stjórnendur.

Haustsmiðjur grunnskólakennara vel sóttar

Haustsmiðjur grunnskólakennara fóru að venju fram í ágúst og voru haldin 12 námskeið og ein málstofa. Riflega 500 kennarar sóttu námskeiðin, en boðið var upp á fjölbreytta fræðslu, s.s. kennslu í erlendum tungumálum, upplýsinga- og tækniþætti og nýjar áherslur í grunnfögum í ljósi nýrrar aðalnámskrár.

Vesturbæjarfléttan

Um 500 starfsmenn leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva í Vesturbæ voru í starfsdegi í september undir yfirskriftinni **Vesturbæjarfléttan** en þetta er í annað sinn að starfsdagurinn er sameiginlegur. Dagskráin var fjölbreytt og virtist höfða til allra, enda var almenn ánægja með þennan sameiginlegan fagvettvang allra starfsstöðva SFS í Vesturbæ.

Námskeið á vegum leikskólahluta skóla- og frístundasviðs veturinn 2012-2013

Heiti/inntak	Markhópur	Fjöldi námskeiða	Stundafjöldi	Fjöldi þátttakenda
Forysta til framtíðar	Leikskólastjórar	1	8	70
Hvatning og endurgjöf	Leikskólastjórar	1	3	70
Leiðir til úrlausna krefjandi starfsmannamála	Leikskólastjórar	1	3	70
Samningatækni	Leikskólastjórar	1	3	70
Árangursrík samskipti	Leikskólastjórar	1	3	70
Leiðtogaskólinn - Forysta og leiðtoginn	Aðstoðarleikskólastjórar	2	3	55
Leiðtogaskólinn - Ég sem leiðtogi	Aðstoðarleikskólastjórar	2	3	55
Leiðtogaskólinn - Þáttökustjórnun	Aðstoðarleikskólastjórar	2	3	55
Leiðtogaskólinn - Endurgjöf	Aðstoðarleikskólastjórar	2	3	55
Leiðtogaskólinn - Ad stýra fjölbreyttum starfsmannahópi	Aðstoðarleikskólastjórar	2	3	55
Leiðtogaskólinn - Forysta og leiðtoginn	Deildastjórar	6	3	260
Leiðtogaskólinn - Ég sem leiðtogi	Deildastjórar	6	3	260
Leiðtogaskólinn - Þáttökustjórnun	Deildastjórar	6	3	260
Stóri leikskóladagurinn	Starfsfólk leikskóla	1	8	550
Innleiðing aðalnámskrár	Leikskólastjórar og tengiliðir	1	6	130
Innleiðing aðalnámskrár	Tengiliðir	1	2	60
Námskeiðsdagur dagsforeldra	Dagforeldrar	1	6	157
Samtals		37	66	2302

Símenntun SFS veturinn 2012-2013

Námskeið á vegum grunnskólahluta skóla- og frístundasviðs veturinn 2012-2013

Heiti/ Inntak	Markhópur	Fjöldi námskeiða	Stundafjöldi	Fjöldi þátttakenda
Samningatækni	Skólastjórar og aðstoðarskólastjórar	1	3	21
Efning líðsheildar	Skólastjórar og aðstoðarskólastjórar	1	3	33
Tímastjórnun	Skólastjórar og aðstoðarskólastjórar	1	3	23
Innleiðing nýrrar aðalnámskrár	Skólastjórar og stýrihópur	2	4	160
Skólastjórinn sem faglegur leiðtogi	Skólastjórar og aðstoðarskólastjórar	1	4	40
Jafnrétti og kynjafræði	Grunnskólakennarar	1	4	20
Lífisleikni og nemendalýðræði	Grunnskólakennarar	1	4	20
Nýsköpunar- og frumkvöðlamat	Grunnskólakennarar	1	4	15
Námsmat	Grunnskólakennarar	1	10	29
Kennsla nemenda með annað móðurmál en íslensku í skólastofunni	Grunnskólakennarar	1	4	25
Góður skólabragur - jákvæð samskipti	Grunnskólakennarar	1	12	49
Biophilia	Grunnskólakennarar	1	4	11
Sjálfbærni í skólastarfi	Grunnskólakennarar	1	8	15
Stærðfræði fyrir unglingastig í anda kenningaramma Pisa	Grunnskólakennarar	1	4	22
Út fyrir lesrammann - lestur á unglingastigi út frá kenningaramma Pisa	Grunnskólakennarar	1	4	25
Hamingja og heilbrigði í skólum með áherslu á núvitund	Grunnskólakennarar	1	3	58
Kennarinn og word	Grunnskólakennarar	2	3	23
Kennarinn og Power Point, skjávarpinn og netið	Grunnskólakennarar	2	3	22
Kennarinn og kennsluúrræði á netinu	Grunnskólakennarar	1	4	9
Læsi í náttúrufræðikennslu	Grunnskólakennarar	1	4	24
Skyndihjál, grunnnámskeið	Laugaverðir og baðverðir í skólum	1	16	8
Skyndihjál, björgun	Laugaverðir og baðverðir í skólum	1	8	9
Skyndihjál, upprifjun	Laugaverðir og baðverðir í skólum	1	8	14
Byrjendalæsi 1. ár í samstarfi við HA	Grunnskólakennarar	1	24	45
Byrjendalæsi 1. ár í samstarfi við HA	Grunnskólakennarar	1	19	70
Lýðræðisleg vinnubrögð	Grunnskólakennarar	1	3	20
Öskudagsráðstefna	Grunnskólakennarar og skólastjórnendur	1	4	650
Samtals:		30	174	1460

Námskeið á vegum frístundahluta veturinn 2012-2013

Heiti/ Inntak	Markhópur	Fjöldi námskeiða	Stundafjöldi	Fjöldi þátttakenda
Leiðtogaskólinn - Forysta og leiðtoginn	Verkefnastjórar frístundaheimila og félagsmiðstöðva	1	3	22
Leiðtogaskólinn - Ég sem leiðtogi	Verkefnastjórar frístundaheimila og félagsmiðstöðva	1	3	22
Leiðtogaskólinn - Þáttökustjórnun	Verkefnastjórar frístundaheimila og félagsmiðstöðva	1	3	22
Leiðtogaskólinn - Endurgjöf	Verkefnastjórar frístundaheimila og félagsmiðstöðva	1	3	22
Leiðtogaskólinn - Ad stýra fjölbreyttum starfsmannahópi	Verkefnastjórar frístundaheimila og félagsmiðstöðva	1	3	22
Tímastjórnun	Stjórnendur frístundamiðstöðva og verkefnastjórar	1	3	24
Excel námskeið - Pivot töflur	Rekstrarstjórar	1	3	5
Verkefnastjórnun	Stjórnendur frístundamiðstöðva og verkefnastjórar	1	6	24
Samningatækni	Stjórnendur frístundamiðstöðva og verkefnastjórar	1	3	24
Markþjálfun	Stjórnendur frístundamiðstöðva	1	7	23
Höfuð í bleyti	Stjórnendur og starfsfólk frístundamiðstöðva	1	3	120
Snú snú	Starfsfólk í frístundastarfi	1	5	119
Samskipti við börn og unglunga með sérþarfir	Starfsfólk félagsmiðstöðva og frístundaklúbba	1	3	25
Hugmynda- og vinnufundir	Starfsfólk félagsmiðstöðva og frístundaklúbba	1	6	25
Smíðavellir	Starfsfólk smíðavalla	1	7	12
Smíðudagur	Starfsfólk félagsmiðstöðva og frístundaklúbba	1	2	60
Verkefnastjórávitamin	Verkefnastjórar frístundaheimila	4	2	80
Skynðihjálp	Verkefnastjórar og starfsfólk frístundaheimila og félagsmiðstöðva	6	4	267
Líkamleg inngrip - grunnnámskeið	Starfsfólk í starfi með fötludum börnum og unglingum	1	8	25
Líkamleg inngrip framhaldsnámskeið	Starfsfólk í starfi með fötludum börnum og unglingum	1	6	13
Samtals:		28	83	956

Sameiginleg stjórnendafræðsla skóla- og frístundasviðs veturinn 2012-2013

Heiti/inntak	Markhópur	Fjöldi námskeiða	Stundafjöldi	Fjöldi þátttakenda
Vinnuréttur	Stjórnendur hjá SFS	6	3	89
Agresso	Stjórnendur hjá SFS	6	2	55
Starfsþróunarsamtöl	Stjórnendur hjá SFS	2	3	54
Starfsþróunarsamtöl - Málþing	Stjórnendur hjá SFS	1	3	101
Vinsamlegt samfélag	Starfsfólk í grunnskólum, leikskólum og frístundastarfi	4	3	136
Samtals		19	14	435

Rannsóknir og kannanir

Aldrei betri árangur í stærðfræði

Niðurstöður úr stærðfræðiskimun, sem lögð var fyrir í 3. bekk grunnskólanna haustið 2012 og kynntar í ársbyrjun 2013, sýndu að færri nemendur en áður, eða 4,3%, töldust þurfa sérstakan stuðning í stærðfræði. Það er tveimur prósentustigum lægra hlutfall en á árinu 2011 og lægsta hlutfallið á tímabilinu 2007-2012. Þorri nemenda, eða 96%, töldust samkvæmt skimuninni ólíklegir til þess að þurfa stuðning í stærðfræðinámi.

Foreldrar hæstánægðir með frístundaheimilin

Könnun sem gerð var meðal foreldra barna á frístundaheimilum sýndi að mikill meirihluti þeirra var ánægður með þjónustuna. 94% foreldra töldu barninu almennt líða vel á frístundaheimilinu (88% árið 2011) og 89% töldu dvölina þar hafa jákvæð félagsleg áhrif á barnið (83% árið 2011). Rösklega 82% foreldra töldu viðfangsefni barnsins á frístundaheimilinu áhugaverð (79% árið 2011) og 87% töldu vel ganga að samræma dvöl á frístundaheimili við annað skipulagt frístundastarf. Þá mældist mikil ánægja með samskipti við starfsfólk frístundaheimilanna eða 90% samanborið við 82% árið 2011.

Vaxandi ánægja með leikskólastarfið

Vidhorfskönnun meðal foreldra leikskólabarna sýndi vaxandi ánægju með fagstarfið. Könnunin var sú fjórða sem gerð var frá 2007 og mældi hæstu ánægju frá upphafi, eða 97%. Eins var ánægja með viðmót deildarstjóra í samskiptum við foreldra og börn eins og í fyrri könnunum, eða 90% og allir þættir könnunarinnar sem lúta að líðan barnsins og viðmóti starfsfólks, umhyggju þess fyrir barninu og öryggi barnsins komu mjög vel út, eða á bilinu 94-97%. Ánægja með viðfangsefni leikskólans var einnig mikil, en 90% foreldra voru ánægðir með þann þátt.

Sex af hverjum tíu nemendum í 2. bekk lesa sér til gagns

Lesskimun í 2. bekk á vormánuðum sýndi að 63% nemenda gátu lesið sér til gagns, og var það 6 prósentustigum lægra en árið 2012 þegar sambærileg könnun var gerð og það lægsta síðan árið 2005. Um 67% stúlkna sem tóku þátt í skimuninni geta lesið sér til gagns en 59% drengja. Munurinn á milli kynja eykst frá árinu 2012. Vidhorf meðal nemenda til lesturs voru einnig könnuð og höfðu stúlkur marktækt jákvæðara vidhorf til lesturs en drengir líkt og fyrri kannanir hafa leitt í ljós. Í framhaldi af þessari niðurstöðu samþykkti skóla- og frístundaráð að vorið 2014 yrðu allir leikskólar og grunnskólar búnir að kynna sér læsisstefnu leikskóla og lestrarstefnu grunnskóla og móta samstarfsáætlun þar sem áhersla væri lögð á samfelli í námi barna varðandi mál og læsi frá upphafi leikskólagöngu og fram á unglingastig.

Ungum lestrarhestum fjölgaði

Könnun **Skólapúlsins** sýndi að bæði drengir og stúlkur í 6.- 10. bekk hafa merkjanlega meiri áhuga á lestri en áður, þó ánægja þeirra hafi frá upphafi mælinga mælst mikil. Í könnuninni voru nemendur spurðir um skólanámið, líðan og bekkjaranda. Ánægja reykískra nemenda mældist meiri en að meðaltali í öðrum sveitarfélögum. Tæp 40% reykískra nemenda sögðu að lestur væri eitt af uppáhaldsáhugamálum sínum.

Ráðstefnur og málþing

Snú snú

Í febrúar stóð sviðið fyrir málþingi undir yfirskriftinni **SNÚ SNÚ** – stefnumót frístundamiðstöðvanna og Háskóla Íslands. Fjallað var um hugmyndafræði og þróun frístundastarfs á nýju skóla- og frístundasviði. Dr. Kolbrún Þ. Pálsdóttir kynnti m.a. niðurstöður sínar úr fyrstu rannsókn sem gerð hefur verið á inntaki frístundaheimilanna í Reykjavík og viðhorfum barna og starfsfólks til þess. Aðrir fyrirlesarar voru Jón Torfi Jónasson, forseti Menntavísindasviðs HÍ, Vanda Sigurgeirsdóttir, lektor í tómtunda- og félagsmálafræði HÍ, Hildur Jóhannsdóttir, skólastjóri í Dalskóla, og Jakob Frímann Þorsteinsson, formaður námsbrautar í tómtunda- og félagsmálafræði við HÍ. Vel á annað hundrað gestir sátu málþingið.



Vel heppnuð Öskudagsráðstefna

Um 600 reykvískir grunnskólakennarar sóttu elleftu Öskudagsráðstefnuna sem haldin var í samstarfi við Kennarafélag Reykjavíkur og Félag skólastjórnaenda í Reykjavík. Yfirskrift hennar var **Betri í dag en í gær**.

Meðal þess sem fjallað var um var hvort munur væru á kynjunum í námi og hvernig bæta megi kennsluáferðir til að koma betur til móts við ólíkar þarfir þeirra. Aðalfyrirlesarar voru Geoff Hannan og Josef Huber sem fjallað um gildi menntunar í lýðræðismenningu.



Málþing til heiðurs Gerði G. Óskarsdóttur sjötugri

Í byrjun september efndi Rannsóknarstofa um þróun skólastarfs og skóla- og frístundasvið til málþings til heiðurs Gerði G. Óskarsdóttur fræðikonu og fyrrverandi fræðslustjóra Reykjavíkur. Fyrirlesarar horfðu til framtíðar á nokkrum af þeim sviðum þar sem Gerður hefur látið til sín taka, s.s. skilum skólaskila.



Læsi í hólkvíðum skilningi

Á annað hundrað manns sátu málþingið **Læsi í hólkvíðum skilningi** sem haldið var í Laugalækjarskóla í október. Þar voru flutt mörg skemmtileg og fróðleg erindi um læsi og lestrarnám og m.a. kynnt rannsókn á málskilningi og orðaforða ungra barna sem gerð var við menntavísindasvið HÍ.

Heilsuefning barna

Fjölmennnt var á málþingi í nóvember um heilsuefningu barna á grunnskólaaldri. Það sóttu m.a. íþrótt- og sundkennarar, fulltrúar íþróttafélaga, frístundaráðgjafar og verkefnastjórar frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Starfshópur sem vinnur að tillögum um leiðir til að efla heilsu grunnskólabarna efndi til fundarins til að leita eftir hugmyndum.



Verðlaun og styrkir

Barnabókarverðlaun

Anna Heiða Pálsdóttir og Guðni Kolbeinsson fengu Barnabókaverðlaun skóla- og frístundaráðs þegar þau voru veitt í 31. sinn síðasta vetrardag í Höfða. Anna Heiða fékk verðlaunin fyrir bestu frumsömdu bókina **Mitt eigið Harmagedón** en Guðni fyrir þýðingu sína á bókinni **Stiklað á stóru um býsna margt** eftir Bill Bryson. Jón Gnarr borgarstjóri og Oddný Sturludóttir, formaður skóla- og frístundaráðs, afhentu verðlaunin að viðstöddum fjölmörgum gestum. Valnefnd var skipuð Margréti Kristínu Blöndal formanni, Mörtu Guðjónsdóttur og Guðrúnu Höllu Sveinsdóttur.

Hvatningarverðlaun

Hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs fyrir skóla og frístundastarf voru afhent í maí við hátíðlega athöfn í Ráðhúsinu. Prenn verðlaun voru veitt á hverju fagsviði; til leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfs.

- Leikskólinn Blásalir fyrir Nordplus-verkefnið **Jörðin snýst og við líka.**
- Leikskólinn Laufskálar fyrir verkefnið **Leiklistarleikskóli.**
- Leikskólinn Sæborg fyrir verkefnið **Okkar Sæborg.**
- Háteigsskóli fyrir verkefnið **Verkhringur á unglingastigi.**
- Hólabrekkuskóli fyrir verkefnið **Olympics International.**
- Laugarnesskóli fyrir verkefnið **Foreldrar bregða á leik í stærðfræði.**
- Félagsmiðstöð Miðbergs fyrir hæfileikakeppnin **Breidholt's got talent.**
- Félagsmiðstöð Kamps fyrir stuttmyndahátíðina **Hilmarinn.**
- Vilborg Jónsdóttur, stjórnanda Skólahljómsveitar Austurbæjar.



Að auki hlutu tvö samstarfsverkefni í hverfum viðurkenningu;

Okkar mál í Fellahverfi sem leikskólarnir Ösp og Holt, Fellaskóli og frístundaheimilið Vínafell eiga aðild að og **Vesturbæjarfléttan** með þátttöku allra leikskóla og grunnskóla í Vesturbæ, svo og frístundamiðstöðvarinnar Frostaskjól. Verðlaunagripirnir voru eftir listakonuna Ingibjörgu H. Ágústsdóttur.

Nemendaverðlaun

Alls fengu 34 grunnskólanemendur og einn nemendahópur Nemendaverðlaun skóla- og frístundaráðs sem afhent voru í ellefta sinn í maí. Verðlaunin voru í formi viðurkenningarskjals og bókar og voru að vanda veitt nemendum fyrir námsárangur og góða frammistöðu á tilteknu sviði skólastarfs.

Íslenskuverðlaun

Hátt í eitt hundrað grunnskólanemar tóku á degi íslenskrar tungu, þann 16. nóvember, við **Íslenskuverðlaunum unga fólksins í Bókmenntaborginni Reykjavík**. Frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti, afhenti verðlaunin en hún er verndari þeirra. Athöfnin fór fram í Norðurljósasal Hörpu þar sem saman voru komnir stoltir verðlaunahafar, foreldrar, afar og ömmur. Þetta var í sjöunda sinn að verðlaunin voru veitt, en handhafar þeirra eru á aldrinum 8- 15 ára; ljóðskáld, sögusmiðir, leikritaskáld, ræðuskörungar og tvítyngdir lestrar- og námshestar með lifandi áhuga á íslensku máli.



Kvikmyndaverðlaun – Taka 2013

Áttatíu myndir kepptu til verðlauna á kvikmyndahátíð grunnskólanna **TÖKU 2013**, leiknar stuttmyndir, heimildarmyndir og hreyfimyndir. Athygli vakti hversu margar leiknar stuttmyndir skiluðu sér í keppnina og eins hve margar þeirra voru tæknilega vel gerðar. Hátíðin endurspeglaði mikinn áhuga barna og unglunga á kvikmyndamiðlinum, hugmyndaauðgi þeirra og svellandi sköpunargleði. Stuttmyndin **Svaðilför** úr Háteigsskóla og myndin **Mrs. Miller** úr Breiðagerðisskóla fóru með sigur af hólmi í flokki leikinna stuttmynda, en verðlaunin voru að venju í formi hins eftirsóttá Klapptrés.

Styrkir

Við afgreiðslu þróunarstyrkja var haft að leiðarljósi að styrkja verkefni sem leggja áherslu á tækifæri barna með annað móðurmál en íslensku, lýðræði, mannréttindi og upplýsinga- og tæknimennt í skóla- og frístundastarfi. Úthlutað var til 40 verkefna fyrir alls um 30 milljónir króna.

Hæsti þróunarstyrkurinn, 2,5 milljón króna, fór til verkefnisins **Okkar máls** sem miðar að auknu samstarfi um menningu, málþroska og læsi í Fellahverfi.

Hólabrekkuskóli fékk 1,2 milljónir króna til að búa til gagnvirk málfræðiverkefni fyrir unglunga í dönsku og íslensku og Laugarlækjarskóli fékk 1,3 milljónir króna til skapandi starfs í upplýsingaveri skólans. Þá kom 1,5 milljón króna í hlut leikskólans Suðurborgar til að efla sérhæfingu skólans í atferlisþjálfun fyrir börn á einhverfurófi og frístundamiðstöðin Frostaskjól fékk 1 milljón króna til verkefnisins **Lýðræði og mannréttindi í leik og starfi**.

Almennu styrkirnir runnu til verkefna sem miða að því að efla upplýsinga- og tæknimennt í skólum og stuðla að auknum lestri. Hæstu styrkirnir fóru til verkefnisins **Moodle - vísir að verkefnabanka** sem miðar að því að vinna verkefni í íslensku, samfélagsfræði og upplýsingamennt fyrir nemendur í 8.-10. bekk, og til verkefnis Rithöfundasambands Íslands **Skáld í skólum**.



Viðburðir

Barnamenningarhátíð

Börnin réðu ríkjum þegar Barnamenningarhátíð var haldin í þriðja sinn í apríl. Tíu ára börn úr 4. bekk grunnskólanna, alls 1.300 börn, troðfylltu Eldborgarsalinn á opunarhátíðinni og frumfluttu tónverkið **268°** eftir Áka Ásgeirsson og reyndi flutningurinn bæði á gott tóneyra, snerpu, raddstyrk og takt. Leikskólabörn létu líka að sér kveða á tónleikum í Eldborginni og sungu þá lög eftir Atla Heimi Sveinsson og fjögur ný lög sem hann hefur gert við texta Þórarins Eldjárns úr bók þeirra Eddu Heiðrúnar Bachman **Vaknaðu Sölvi**. Unglingamenningin blómstraði einnig á hátíðinni, m.a. með dagskránni **Tónheimilinu** og afhendingu **Upptaktsins**, tónsköpunarverðlaunum barna og ungmenna.



Lestarahátíð

Börn og ungmenni tóku virkan þátt í Lestarahátíð í október og fóru m.a. í ljóðagöngur sem Borgarbókasafnið og Bókmenntaborgin buðu upp á. Jafnframt var unnið markvisst með ljóð, ljóðalestur og ljóðasöng í fjölmörgum leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum borgarinnar. Meðal skemmtilegra verkefna sem fóru af stað var **Ljóðaormurinn í Vesturbæ** þar sem leikskólabörn og grunnskólabörn fóru í ljóðaham, ortu á víxl og fluttu orminn á milli skóla.

Talið er víst að Lestarahátíð í Reykjavík hafi víða verið hvati að aukinni lestraránægju og yndislestri. Þannig sýndu mælingar í Austurbæjarskóla aukinn yndislestur meðal nemenda í 1. – 7. bekk á milli ára.

Fjármál

Hætt við gjaldskrárhækkanir

Borgarráð ákvað í nóvember að hætta við áformaðar hækkanir á gjaldskrár í öllum helstu þjónustuflokkum Reykjavíkurborgar, þar með talið leikskólagjöld, áskrift fyrir skólamáltíðir og þjónustu frístundaheimila. Var það gert að áskorun aðila vinnumarkaðarins í aðdraganda kjarasamninga.

Útgáfur

- Ársskýrsla SFS 2012.
- Handbók um móttöku barna með annað móðurmál en íslensku í skipulögðu frístundastarfi
- Handbók um tónlistarkennslu í frístundastarfi
- Lesið í leik – læsisstefna leikskóla.
- Lesskimun 2013
- Reglur um auglýsingar í skóla- og frístundastarfi
- Skýrsla starfshóps um læsisstefnu leikskóla.
- Skýrsla starfshóps um aðkomu foreldra að ráðningum skólastjórnenda í leikskólum og grunnskólum Reykjavíkur
- Skýrsla starfshóps um notkun tölvutækni í námi og kennslu mikið fatlaðra grunnskólanemenda.
- Spjaldtölvur í skólastarfi – úttekt Ómars Arnars Magnússonar.
- Stefna og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs 2013.
- Talnalykill 2013
- Vefmiðlar og félagsmiðstöðvar í Reykjavík – Handbók.
- Viðhorf foreldra barna í frístundaheimilum
- Viðhorf foreldra barna í tónlistarskólum og skólahljómsveitum
- Viðhorf foreldra til leikskólans





Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið